

# Skilgreining samfélagslegra áskorana - Nautsaugað

*Þessi aðferð er gagnleg til að kynna og dýpka skilning nemenda á samfélagslegum áskorunum. Í þessu verkefni munu nemendur æfast í eftirtöldu: að skilgreina hvað fellst í samfélagslegri áskorun, að sýna virðingu í samtölum, að deila eigin hugsunum, að hlusta á hugleiðingar nariannarra og sérstaklega í að dæma ekki þá sem hafa aðra skoðun en þeir sjálfir.*

*Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar „Að læra gegnum hugsun“, „Að læra gegnum samræður og samskiptui“ og „Að læra gegnum ígrundun og mat“.*

## Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta skilgreint hvað samfélagslegar áskoranir eru
- Geta flokkað hugmyndir
- Geta sýnt vilja til að breyta sjónarmiðum sínum
- Geta tekið þátt í samræðum, rökstutt eigin skoðanir og virt skoðanir annarra.
- Geta sýnt fram á virka hlustun
- Geta tekið þátt í að ræða samfélagslegar áskoranir (einstaklingslega og í hópi)
- Geta tjáð fordómalaus viðhorf til nemenda sem tjá andstæðar skoðanir
- Geta ígrundað hvernig hugsun þeirra hefur breyst
- Geta sýnt og útskýrt hvernig hugsun þeirra hefur þróast og breyst

## Tími

Tímalengd verkefnisins ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 45 mínútur.

## Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
Stórt blað eða tafla	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stofnaðu reikning á Google Jamboard eða Miro</li> <li>• Deildu tengli með nemendum gegnum stafrænu verkefnasíðuna svo þeir geti nálgast það í eigin snjalltæki.</li> </ul> <p>Þú þarft:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skjá til að sýna nemendum verkefnaborðið</li> <li>• Fartölvu og/eða spjaldtölvu fyrir hvern lítinn hóp nemenda</li> </ul> <p><a href="#">Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</a></p>

## Undirbúningur

- Hér eru fjögur viðmið sem hjálpa okkur að skilgreina samfélagslega áskorun:
- Áskorun hefur neikvæðar afleiðingar fyrir fjölda fólks
  - Flestir eru sammála um að áskorunin sé raunveruleg
  - Áskorun ögrar sameiginlegu gildi
  - Við getum unnið að því að því að leysa áskorunina

### Blandað nám:

- Búðu til Vennmynd á Miro, eða Google Jamboard með þremur hringjum fyrir Nautsauga.
- Vertu viss um að öll pör/hópar hafi stafrænt tæki.

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

### 1 Innlögn

Kynntu nemendum þínum hvað samfélagsleg áskorun er.


## 2 Hugarflug

Biddu nemendur um að gefa þér fjöldann allan af dæmum um vandamál og áskoranir sem þeir telja vera samfélagslegar áskoranir.

Notið merkimiða með lími (post-it) og biðjið nemendur að setja eina áskorun á hvern svo hægt sé að færa þá til á Vennmyndinni síðar.

## 3 Passa áskoranirnar við viðmiðin?

- Lýstu og skrifaðu niður þrjú viðmið fyrir samfélagslegar áskoranir
- Teiknaðu stóran hring á blað og útskýrðu að þegar áskorun úr hugarfluginu passar við öll 4 viðmiðin þá fer hún inni í nauksaugað, ef það passar við 2 viðmið þá fer hún í næsta ytri hring o.s.frv.
- Þið getið byrjað á því að skoða mál saman og ákvarðað hversu mörg viðmið viðfangsefnið uppfyllir og setja tölu við það, síðan er hægt að halda áfram aðvinna í gegnum hvert viðfangsefni á þennan hátt. Gefðu nemendum tækifæri til að gera þetta sjálfstætt þegar þeir öðlast skilning á þessu. Þetta skref gefur mörg tækifæri til ríkrar umræðu meðal nemenda þegar þeir kynna álit sitt á því hvers vegna viðfangsefni uppfyllir ákveðin skilyrði eða ekki. Þetta mun hjálpa þeim að þroska hugsun sína, eflast í rökfræði sem og því að færa rök fyrir máli sínu..
- Þjóddu nemendum að færa miðana á réttan stað í nauksauganu í samræmi við fjölda viðmiða sem málið uppfyllir (skref #3).
- Farðu yfir þau mál/vandamál sem eru í nauksauganu og ítrekaðu að þau teljist til samfélagslegra áskoranna.



## Vinnuefni - samfélagslega áskoranir

Málefni sem uppfylla 4 skilyrði



### 4 Ígrundun (innihald og ferli)

Innihald: Biðjið nemendur, annað hvort í hópum eða hvern fyrir sig, að ræða hvers vegna sum viðfangsefni/vandamál teljast EKKI til samfélagslegra áskoranna.

Ferli: Hvernig komumst við að því hvaða viðfangsefni/vandamál voru í raun samfélagslegar áskoranir? Hvað gerðum við? Hjálpaði þessi æfing þér að skilgreina hvað samfélagslegar áskoranir eru? Á hvaða hátt gerði það það og á hvaða hátt ekki?

### 5 Fáðu fjölskylduna með!

Láttu nemendur taka heim með sér vinnublað með nauksauga á með þremur/fjórum viðmiðum. Heima geta þeir beðið heimilisfólk að nefna samfélagslegar áskoranir og hjálpast að við að staðsetja þær á nauksauganu.

Ef nemendur hafa aðgengi að snjalltækjum geturðu búið til sameiginlegt Miro borð eða Google Jamboard borð þar sem nemendur geta skrifað áskoranir beint inn í (eða eftir á), fært á milli og flokkað. Þeir geta sett áskoranir á sameiginlegt nauksauga, útskýrt hvers vegna þeir völdu viðkomandi staðsetningu og boðið heimilisfólkinu líka að flytja áskoranir á milli.